

Alþingi
Erindi nr. P 143/328
komudagur 21.11.2013



Umsögn Samtakanna '78 um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks, 29. mál, 143. löggjafarþing

Samtökin '78 lýsa eindreginni ánægju með þingmálið og styðja skipan nefndar um málefni hinsegin fólks.

Það er styrkur íslensks samfélags að málefni hinsegin fólks njóta víðtæks stuðnings, ekki síst meðal stjórnmalamanna þvert á flokkalínur. Núverandi ríkisstjórn hefur sannað þá fullyrðingu, meðal annars með nýlegri ákvörðun um að veita hinsegin flóttafólki skjól á Íslandi. Samtökin hafa því enga trú á öðru en að þingmenn allra flokka veiti málinu stuðning sinn og tryggi að það verði samþykkt á yfirstandandi þingi en dagi ekki uppi.

Eins og fram kemur í greinargerð með málinu er nefnilega ýmislegt sem Íslendingar þurfa enn að laga hvað varðar stöðu og lífsgæði hinsegin fólks og mikilvægt að vinna að málefnum þess út frá skipulegri heildarsýn. Ísland er einungis í tíunda sæti Evrópuríkja í árlegri úttekt hinsegin fólks í Evrópu á löggjöf og framkvæmd ríkja í málefnum hinsegin fólks og það hlýtur Alþingi að hafa metnað til að laga. Jafnframt vilja Samtökin '78 setja fram það sjónarmið að ýmis merki hafa verið um fordóma og jafnvel ofbeldi í garð hinsegin fólks undanfarna mánuði. Þótt erfitt sé að segja til um hvað slík merki segja um þróun mála á heildina, er það áminning um að enn vantar upp á og öruggara er að mæta mögulegu bakslagi með hugarfari sóknar.

Varðandi skipan nefndarinnar biðja Samtökin '78 um að hátt hlutfall eða meirihluti hennar verði skipaður fulltrúum ólíkra hópa hinsegin samfélagsins, ekki síst jaðarsettra hópa þess, sem og fólki með nauðsynlega þekkingu á hinsegin fræðum og kynjafræðum.

F.h. Samtakanna '78

Anna Pála Sverrisdóttir, formaður